

5.bekkur stærðfræði

Kennarar: Kristvina Gísladóttir; Trostan Agnarsson; Þyrey Hlífarsdóttir

Lýsing

Búnar eru til stuttar lotur um hvern efnisþátt. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum og í lok hverrar lotu er tekið próf úr efnisþættinum.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VHLS Stærðfræði fyrir 5.bekk-þrepamarkmið

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VHLS Stærðfræði fyrir 5.bekk-þrepamarkmið - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir stærðfræðiverkefna með fjölda 0-1.000.000.
- Þekkir táknið fyrir fermetra og fersentimetra, getur lesið úr þeim og skráð.
- Getur brotið 6 stafa tölur upp í 100þ, 10þ, 1000, 100, tugi og einingar
- Getur raðað tölum með 2 aukastöfum eftir stærð.
- Skilur og getur notað hugstökin tíundi hluti, ummál, flatarmál, hornasumma, hliðrun, speglun, hluti og heild.
- Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, l, dl, ml, g, kg og sambandið á milli eininganna
- Getur tekið af og bætt einingum, heilum tugum, heilum hundruðum og heilum þúsundum við tölur allt að 100.000.
- Skilur og getur nota hugtkökin tíundi hluti og hundraðs hluti
- Notar og les rétt úr merkjunum $>$; $=$.
- Getur lesið og skrifað tölur allt að milljón
- Getur námundað tugabrot að heilli tölu.
- Getur reiknað með negatívum/neikvæðum tölum.

VHLS Stærðfræði fyrir 5.bekk-þrepamarkmið - Tölur og reikningur

- Getur reiknað samlagningar- og frádráttardæmi með tugabrotum með lóðréttri uppsetningu.
- Getur leyst hraðapróf í margföldun án athugasemda
- Getur skráð margföldunar- og deilingardæmi út frá myndum og orðadæmum.
- Getur skráð hluta af heild með almennu broti.
- Áttar sig á almennum brotum sem eru stærri en einn heill.
- Getur nýtt tímabelti til að reikna út tíma erlendis.
- Getur margfaldað og deilt í heilar tölur með 10, 100 og 1000.
- Getur nýtt sér kunnáttu í margföldun til að deila í tölur undir 200.
- Getur teiknað mynd af heild út frá gefnum hluta.
- Getur lagt saman og dregið frá samnefnd brot.
- Getur margfaldað saman tvær tölur af öryggi.
- Getur notað rúðunet til að margfalda saman tvær tölur á milli 10 og 20 og tölu minni en 10.
- Getur beitt reikniaðgerðunum fjórum við lausn orðadæma með tölum allt að 100.000.
- Áttar sig á hvað hugtökin nefnari og teljari merkja
- Litar myndir eftir uppgefinni %, finnur 50% og skilur tengsl hundradshluta og prósentu.

VHLS Stærðfræði fyrir 5.bekk-þrepamarkmið - Algebra

- Getur unnið áfram með mynstur tengd myndum.
- Getur fundið óþekktar stærðir í samlagningar og frádráttardæmum.
- Getur unnið áfram með mynstur og fundið út myndtölu næstu mynda.
- Fæst við mjög einföld jöfnudæmi, óþekkt stærðin, ($x + 3 = 7$).
- Getur haldið áfram með talnarunur.

VHLS Stærðfræði fyrir 5.bekk-þrepamarkmið - Rúmfræði og mælingar


- Þríhyrningar. Þekkir hugtökin: -Rétthyrndur þríhyrningur. -Gleiðhyrndur þríhyrningur. -Hvasshyrndur þríhyrningur
- Þekkir hugtakið samsíða.
- Kynnist því að mæla og teikna horn með gráðuboga.
- Getur reiknað ummál marghyrninga.
- Skilar öllum svörum með mælieiningum.
- Getur borið saman hitastig.
- Ferhyrningar. Þekkir hugtökin: -Rétthyrningur -Feringur -Tígull -Samsíðungur -Trapisa
- Getur hliðrað og speglað myndum.
- Kynnist hornasummu þríhyrnings og ferhyrnings.
- Getur fundið flatarmál hyrninga út frá rúðuneti.
- Getur breytt á milli mælieininganna mm, cm, dm, og m, l og dl, g og kg
- Þekkir x og y ás í hnitakerfi.
- Teiknar ferhyrninga og rétthyrninga eftir fyrimælum.
- Þekkir rétt, hvöss og gleið horn.
- Getur fundið óþekkt horn í ferhyrningi og þríhyrningi.
- Gerir sér grein fyrir að flatarmál þríhyrnings er helmingur flatarmáls rétthyrnings með sömu grunnlínu og hæð.
- Getur lesið af hitamælum og staðsett neikvæðar tölur á talnalínu
- Getur skráð og lesið hnit úr hnitakerfi


VHLS Stærðfræði fyrir 5.bekk-þrepamarkmið - Tölfræði og líkindi


- Getur lesið úr og búið til tíðnitöflur.
- Getur lesið úr og búið til súlurit.


- Getur fundið miðgildi og tíðasta gildi talnarunu.

NÁMSEFNI/GÖGN

 **Stika 1a**
Nemendahefti

 **Stika 1a**
æfingahefti

 **Stika 1b**
nemendabók

 **Stika 1b**
æfingahefti

 **Ítarefni**